Ed. 513. Þingsályktun

um fóðurbætiskaup.

(Afgreidd frá Ed. 17. ágúst.)

Alþingi ályktar að skora á landsstjórnina að kaupa að minsta kosti 2000 tunnur (olíutunnustærð) af síld, eða jafnmikið af öðrum fóðurbæti, og selja þá vöru einkum til almennings í þeim hjeruðum landsins, er harðast verða úti vegna óhagfelds tíðarfars í sumar.